



# GAMMA: Iceland Liquidity Fund

GAM Management hf.

GAM Management hf.  
Klapparstígur 29  
101 Reykjavík

31. ágúst 2011

## GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánunum fjármálafyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtímavaxtastig á markaði og er liftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmtíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlars sveiflur í ávöxtun.


Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýsluþóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

## Helstu upplýsingar

<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
<b>Lágmarksupphæð:</b>	10þ. kr.
<b>Rekstrarform:</b>	Verðbréfasjóður
<b>Árleg bóknun:</b>	0,40%
<b>Gengismunur:</b>	0,00%
<b>Innlausnargjald:</b>	0 kr.
<b>Sölutímabil:</b>	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
<b>Gengisuppreikningur:</b>	Daglegur í lok dags
<b>Meðalliftími:</b>	Lægri en 1 ár
<b>Hámarks stærð:</b>	Engin
<b>Skráning:</b>	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu

## Eignasamsetning



## Stærstu eignir:

RIKV 11 1017	24,3%
Innlán MP Banki	19,0%
Innlán Landsbankinn	18,9%

Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

## Skuldabréfateymi

Valdimar Ármann  
s: 519 3304  
valdimar@gamma.is  
Sjóðstjóri

Gisli Hauksson  
s: 519 3301  
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson  
s: 519 3303  
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller  
s: 519 3302  
agnar@gamma.is

## Fyrirvari:

Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningum um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspá endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat að númerandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllun ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem her er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólikar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismundanir forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélög Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrátti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasiðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennt fylgir áhættu fjárfestingi í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnad, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöks gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðum. Athygli er yakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

## Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaufyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgtengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistararanámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

## Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: LIQUIDITY var stofnaður 13. apríl 2011. Ávöxtun í ágúst var 0,31% og 0,82% síðustu 3 mánuði. Hefur sjóðurinn hækkað um 1,23% frá stofnun.

Eftir fremur óvænta (en ekki útilokaða) 25bp hækkun á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands í ágúst og í ljós ort hækkandi verðbólgu hefur krafan á óverðtryggðum skuldabréfum hækkað um 30-70bp frá vaxtaákvörðun. Spáir Seðlabankinn að verðbólgan nái hámarki á fyrsta fjórðungi næsta árs í um 7% ársverðbólgu. Lysti Seðlabankinn því yfir að hann muni beita stýrivaxtataeki sínu til að sporna við verðbólgunni og koma í veg fyrir að væntingar um aukna verðbólgu valdi vitħring laekkandi gengis og enn frekari verðbólgu „þótt fyrir að slakinn í þjóðarþúskapnum ætti í einhverjum mæli að vinna gegn slíkri þróun“. Þannig eru líkur á því að Seðlabankinn eigi eftir að hækka um 25-75bp í viðbót á haustmánuðum.

## Gengisþróun og ávöxtun

### Ávöxtun

1 mán	0,31%
3 mán	0,82%
stofnun*	1,23%

### Kennitölur

Hrein eign [m.kr.]:	1.270
Verðtryggt:	4,0%
Meðalliftími ár:	0,29

\*stofndagur 13. apríl 2011

## Gengisþróun GAMMA: LIQUIDITY

